

EFTIRLITSSKÝRSLA

HB Grandi Örfirisey Örfirisey



Dags eftirlits	15.12.2015	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	HB Grandi Örfirisey	Fulltrúi UST	
Heimili	Norðurgarður 1	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Almar Sigurjónsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	357153,361 409223,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju HB Granda í Örfirisey rann út í febrúar sl. Frágangur á lóð fyrirtækisins er ásættanlegur og ekki kemur til frekari eftirfylgni.

UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúi rekstraraðila fór yfir frágang og niðurrið fiskimjölsverksmiðjunnar.

Fiskimjölsverksmiðjan í Örfirisey lauk vinnslu síðla vetrar 2009. Hafist var handa við að taka niður nýtileg tæki sem á vormánuðum sama árs voru flutt til Vopnafjarðar, Vélsmiðjan Héðinn hf sá um þessar framkvæmdir.

Árið 2013 voru 2 hráefnistankar fjarlægðir af Hringrás hf ásamt undirstöðum þeirra, var það verk unnið í alverktöku þmt. allar tilkynningar og öflun leyfa.

Sumarið 2013 var það sem eftir stóð innan húss í mjölverksmiðjunni fargað hjá Hringrás hf, það sem nýtilegt var eins og sniglar og tankar var flutt til geymslu á Akranesi.

Núna standa á lóð fiskimjölsverksmiðjunnar á Granda hús gömlu síldarbræðslunnar (svokallað Marshall-hús, byggt árið 1948) sem hugmyndir eru um að taka undir aðra starfsemi og tveir lýsisgeymar og hluti af þró í kringum þá sem fyrirhugað er að taka í notkun við framleiðslu á meltu úr sjávarfangi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir eru gerðar við rekstraraðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2015

Gottskálf Friðgeirsson